


Jafnréttisáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar



2019-2023

Leiðarljós

Með jafnréttisstefnunni sýna bæjaryfirvöld vilja sinn til vinna að jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Seyðisfjarðarkaupstaður er í góðri stöðu til að vinna að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins bæði vegna nálægðar við íbúana og þess þrjúþætta hlutverks sem sveitarfélagið hefur sem stjórnvald, sem vinnuveitandi og sem þjónustuveitandi. Virki jafnréttis áætlum þar sem unnið er að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins stuðlar að réttlátara og eftirsóknarverðara samfélag fyrir alla.

Jafnréttisnefnd

Með jafnréttismál Seyðisfjarðarkaupstaðar fer velferðarnefnd ásamt jafnréttisfulltrúa. Þjónustufulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar er jafnréttisfulltrúi kaupstaðarins. Hlutverk þeirra er að fjalla um stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins og vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í þeim málefnum er varða jafnrétti kynjanna. *Ábyrgð á jafnréttisstefnu og áætlunargerð hennar er þó endanlega í höndum bæjarstjóra og bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar.*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allir starfsmenn sveitarfélagsins, sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn skulu þekkja jafnréttisstefnuna og vinna eftir henni.	Að kynna jafnréttisstefnuna fyrir sveitarstjórnarfólki og starfsmönnum bæjarins svo og bæjarbúum öllum.	Velferðarnefnd.	Hefjist sem fyrst eftir að jafnréttisstefna er samþykkt í bæjarstjórn og ljúki ei síðar en þremur mánuðum síðar

Starfslýsing fyrir jafnréttisfulltrúa

- Jafnréttisfulltrúi starfar með velferðarnefnd sem fer með jafnréttismál fyrir hönd sveitarfélagsins og sér um framkvæmd og eftirfylgni jafnréttisstefnu í samvinnu við nefndina og bæjaryfirvöld.
- Það er hlutverk jafnréttisfulltrúa að leita eftir ráðgjöf um samþættingu jafnréttisstarfs við starfsemi bæjarins.
- Það er einnig hlutverk jafnréttisfulltrúa að leitast við að sinna ráðgjöf og aðstoð við stofnanir sveitarfélagsins, en samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eiga fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 að hafa jafnréttisáætlanir.
- Jafnréttisfulltrúi hefur einnig milligöngu vegna fræðslustarfs um jafnréttismál fyrir bæjarbúa, bæjarstofnanir, stjórnendur, kjörna fulltrúa og starfsmenn Seyðisfjarðarkaupstaðar.
- Næsti yfirmaður jafnréttisfulltrúa er bæjarstjóri.

Tilgangur og markmið

Tilgangurinn með gerð jafnréttisstefnu er eins og segir í 1. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þ.e. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Sérstök áhersla er lögð á öryggi og heilbrigði íbúa og í samræmi við 22. gr. laganna er kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni fordæmd í hvaða mynd sem er.

Áætlun þessa einkennir áhersla á verkefni (verkefnaáætlun) sem unnin skulu á gildistímanum og eru þess eðlis að þau miða að því að gera vitund um stöðu kynjanna og jafnan rétt að eðlilegum þætti daglegs starfs hjá sveitarfélaginu. Jafnréttisáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar er í samræmi við ákvæði 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en þar segir m.a. að sveitarfélög skuli setja sér jafnréttisáætlun til fjögurra ára, eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Þá er hún einnig í samræmi við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Verkefnaáætlun

Verkefni næstu ára í jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar eru sett fram undir þeim þætti í þessu skjali sem þau eiga við.

Fyrri reynsla í verkefnaáætlun

Í jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar 2015-2019 voru eftirfarandi megináherslur gerðar í verkefnaáætlun:

- # Að gera samanburð á jafnverðmæti starfa innan sveitarfélagsins til að greina óútskýrðan launamun.
- # Beina átti sjónum að yngri íbúum bæjarins í samvinnu við sérfræðinga á því sviði og skólastjórnendur.
- # Jafnréttisfulltrúi stóð fyrir ýmis konar fræðslu

Megináherslur Velferðarnefndar í jafnréttismálum starfstímabilið 2019-2023

Eftir reynslu síðustu ára í jafnréttismálum vill nefndin beina aðaláherslum sínum að nýjum atriðum í bland við að viðhalda öðrum verkefnum sem áður hafa verið á verkefnaáætlun.

- #Forstöðumenn stofnanna skulu gera grein fyrir í starfsáætlunum hvernig þeir muni fylgja eftir ákvæðum jafnréttisstefnunnar
- #Velferðarnefnd skal fjalla sérstaklega um jafnréttismál a.m.k. tvisvar á ári með það að markmiði að stefna um jafnréttismál sveitarfélagsins nái fram að ganga

Áfram skal vinna að fræðslu um jafnréttismál, kynbundið ofbeldi/áreitni og/eða kynferðislegt ofbeldi/áreitni. Umsjón er í höndum jafnréttisfulltrúa og velferðarnefndar og skal árlega eitt ákveðið mál tekið fyrir.

Áfram er lögð áhersla á sum atriði frá fyrra tímabili, atriði sem skipta máli að séu alltaf höfð að leiðarljósi í starfi.

Breyting er höfð á og verkefnaáætlun nú falin inn í jafnréttisstefnunni sjálfri.

Seyðisfjarðarkaupstaður sem stjórnvald:

Jafnrétti kynjanna er tryggt í jafnréttislögum en til að það nái fram að ganga verða konum og körlum að standa til boða sömu tækifæri til áhrifa, virðingar og þátttöku í samfélaginu, jafnt í opinberu lífi sem einkalífi.

Reynsla og gildismat beggja kynja eru lýðræðinu mikilvæg og því er eðlilegt að þátttaka kynjanna í stefnumótun og ákvarðanatöku sé sem jöfnust og að sjónarmiðum og þörfum beggja kynja sé gert jafn hátt undir höfði.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar njóti jafnra tækifæra og hafi sömu möguleika til áhrifa í bæjarfélaginu.	Við skipun í nefndir ráð, stjórnir og starfshópa á vegum Seyðisfjarðarkaupstaðar skal gæta þess að hafa hlutföll kynja sem jöfnust og í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga.	Bæjarstjórn	Alltaf þegar við á.

Jafnréttisstefnu þessa og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skal kynna öllum stjórnendum sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Stefnu þessa skal endurskoða af sveitarfélaginu á fjögurra ára fresti. Jafnréttisstefna þessi skal því höfð að leiðarljósi við gerð annarra áætlana og stefnumótunar hjá Seyðisfjarðarkaupstað fram til ársins 2023.

Í 16. gr laganna segir einnig að í opinberri hagsýslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greina á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Við stefnumótun, áætlunargerð og fjárhagsáætlun skal gæta kynjasambættingar samkvæmt 17. gr. jafnréttislaga	Bæjarráð og bæjarstjórn kynni sér kynjaða hagstjórn og kynni fyrir velferðarnefnd nálgun í fjárhagsáætlunargerð.	Bæjarráð	Janúar ár hvert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt

Seyðisfjarðarkaupstaður sem vinnuveitandi:

Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Kjararéttindi

Samfélagið þarf á starfskröftum kvenna og karla að halda til þess að tryggja hagvöxt. Jafnréttislög kveða á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Launajafnrétti kynjanna hefur auk þess bein áhrif á hag fjölskyldna og er því mikilvægt samfélagsmál.

Bent er á að samkvæmt jafnréttislögum er starfsfólki nú alltaf heimilt að skýra frá launum sínum ef það svo kys. Gagnsæi launakerfa eða í ákvörðunum launa er lykilatriði varðandi launajöfnuð kynjanna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Karlar og konur fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf.	Öll störf innan sveitarfélagsins séu greind í flokka eftir verðmæti og greint hvort um launamun sé að ræða.	Bæjarstjóri, velferðarnefnd og jafnréttisfulltrúi	Janúar 2020 og eftirlit samhliða fjárhagsáætlunargerð
Jafnrétti sé í endurmenntun starfsmanna.	Endurmenntun hjá starfsmönnum sveitarfélagsins er skoðuð út frá kyni	Forstöðumenn stofnana og bæjarstjóri.	Alltaf þegar við á.

SAMRÆMING ATVINNU OG FJÖLSKYLDU

Ráðningar og starfsauglýsingar

Til þess að viðhalda öflugri starfsemi er Seyðisfjarðarkaupstað nauðsynlegt að ráða til sín hæft og gott starfsfólk. Því er mikilvægt að þess sé gætt að auglýsingar um öll laus störf höfði til beggja kynja þegar við á og hvetji hæft fólk sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgreinum til þess að sækja um.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafa atvinnurekendur þá skyldu að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Sjá einnig 18. gr. jafnréttislaganna þar sem segir að sérstök áhersla skuli lögð á það að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsauglýsingar höfði til beggja kynja.	Gerð krafa um að sveitarfélagið hvetji bæði kyn til að sækja um öll laus störf.	Bæjarstjóri og forstöðumenn stofnana.	Alltaf þegar við á.
Að kynjajafnvægi sé í starfsmannahópum stofnana sveitarfélagsins.	Við ráðningar á nýjum starfsmanni skal líta til kynjajafnvægis á starfsmannahóp þegar metnir eru jafn hæfir starfsumsækjendur	Forstöðumenn stofnana og bæjarstjóri.	Alltaf þegar við á.

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og mismunun

Atvinnurekendur og yfirmenna stofnana skulu gera sérstakar ráðstafanir vegna kyndbundis ofbeldis, kynbundinnar áreitni og kynferðislegrar áreitni samkvæmt 22. grein jafnréttislaganna

Telji starfsmaður sér mismunað á grundvelli kynferðis og að hann fái ekki úrlausn hjá yfirmanni sínum, skal jafnréttisfulltrúi veita viðkomandi

aðstoð/ráðgjöf við að leita réttar síns. Þetta á bæði við um störf og starfsaðstæður sem snúa að jafnrétti.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni sem og einelti er ekki liðin á stofnunum Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni, einelti og mismunur er ekki liðin og brugðist er við tilkynningum um slíkt samkvæmt reglum sveitarfélagsins.	Viðbragðsáætlun við kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, einelti og mismunur sé gerð sameiginlega fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins sem allir forstöðumenn og stjórnendur ber að fara eftir.	Bæjarstjóri, velferðarnefnd og jafnréttisfulltrúi	Desember 2020

Seyðisfjarðarkaupstaður sem þjónustuveitandi:

Gengið er út frá því að allar deildir og eftir atvikum stofnanir bæjarins taki mið af jafnréttisstefnunni sem er þannig uppbyggð að í henni er kveðið á um ábyrgð og áfanga sem ætlað er að tryggja framfylgd verkefna og eðlilega þróun og starf að jafnréttismálum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að stofnanir sveitarfélagsins hafi gert jafnréttisáætlun.	Þær stofnanir sem eru með 25 eða fleiri starfsmenn hafi samvinnu við jafnréttisfulltrúa og skili fullgerðum jafnréttisáætlunum að því loknu til velferðarnendar.	Jafnréttisfulltrúi og forstöðumenn stofnana.	Maí 2020

Lýðræðislegt samfélag byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, uppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisfræðsla sé hluti af starfi leik- og grunnskóla Seyðisfjarðar-kaupstaðar. Skólunum ber að uppfylla 22. gr. jafnréttis laga um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni, og 23. gr. jafnréttis laga um menntun og skólustarf.	Milliganga verði höfð við skólastjórnendur um að skipuleggja fræðslu um jafnréttismál í samvinnu við verktaka í jafnréttisfræðslu á vegum velferðarnefndar. Aldurshópur og viðfangsefni verður valið í samvinnu allra aðila sem að málinu koma.	Velferðarnefnd og skólastjórnendur.	Veturinn 2019-2020

Endurskoðum og ábyrgð jafnréttisáætlunar

Velferðarnefnd hóf endurskoðun á jafnréttisáætlun á vormánuðum 2019 og var hún send til bæjarstjórnar til samþykktar í september 2019. Haft var samband við Jafnréttisstofu sem kom með ábendingar sem haft var til hliðsjónar við endurskoðunina. Er það á ábyrgð velferðarnefndar, bæjarstjóra og jafnréttisfulltrúa, eftir sem við á, að hafa eftirlit með því að unnið sé eftir áætluninni í stofnunum kaupstaðarins.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. september 2019